

Rammasamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og tannlækna um tannlækningar barna.

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og tekur til tannlæknaþjónustu á eigin stofum tannlækna utan stofnana fyrir börn og unglinga 0 til 18 ára sem eru sjúkra- eða slysatryggð skv. lögum um sjúkratryggingar eða lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, sbr. 6. gr. samnings þessa.

2. gr. Aðild

Tannlæknar sem hafa starfsleyfi á Íslandi, og eru ekki aðilar að öðrum samningum um tannlækningar barna, geta gerst aðilar að samningi þessum, enda uppfylli þeir önnur skilyrði samnings þessa.

Tannlæknar sem vilja gerast aðilar að samningi þessum skulu senda tilkynningu um aðild til SÍ. Aðildareyðublað er fylgiskjal I með samningi þessum. SÍ skulu staðfesta aðild að samningi innan mánaðar frá því að tilkynning ásamt öllum nauðsynlegum gögnum barst SÍ.

SÍ er heimilt að gera samninga við aðra aðila um tannlækningar á samningstímanum.

3. gr. Skyldur samningsaðila

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin af tannlæknum sem hlotið hafa staðfestingu Landlæknis, sbr. lög nr. 41/2007 og lög nr. 34/2012, sbr. einnig reglugerð nr. 1121/2012 um menntun, réttindi og skyldur tannlækna og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi.

Tannlæknar skulu gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af viðurkenndum fræðum í tannlæknaþjónustu. Þeir skulu uppfylla opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Tannlæknar skulu starfa samkvæmt klínískum leiðbeiningum og eftir viðurkenndum starfsháttum (sjá m.a. klínískar leiðbeiningar Landlæknisembættis vegna tannátu, útgefnar 2005).

Tannlæknar skulu þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á, sbr. 1 mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1121/2012. SÍ skulu upplýsa tannlækna um lög og reglur varðandi réttindi tryggðra til greiðsluþátttöku vegna tannlækninga ef tannlæknir óskar þess.

Tannlækni ber að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1121/2012. Tannlækni ber að stunda virka símenntun í samræmi við skilyrði VEIT (Virk endurmenntun íslenskra tannlækna).

Samningsaðilar heyra undir upplýsingalög nr. 140/2012 og þurfa því að vera viðbúnir að sinna upplýsingabeiðnum frá almenningi.

4. gr. Heimilistannlækningar

Sjúkratryggð börn skulu hafa heimilistannlækni sem annast allar almennar tannlækningar þeirra.

Foreldrar / forráðamenn skulu senda SÍ upplýsingar um heimilistannlækni barns sem miðlar upplýsingum til viðkomandi tannlæknis.

Tannlæknirinn sér um innköllun barns í eftirlit eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og skráir ástand tanna og munnhols. Fyrirkomulag þetta kemur þó ekki í veg fyrir að annar tannlæknir geti sinnt barninu.

Tannlæknar upplýsa sjúklinga og forráðamenn þeirra um tannheilsu og raunhæfa meðferðarkosti og veita þeim upplýsingar um kostnað meðferðar eins og tók eru á. Ef um er að ræða kostnað sem SÍ taka ekki þátt í að greiða ber tannlæknum að upplýsa um hann áður en aðgerð hefst.

Skili barnið sér ekki í reglubundna skoðun til heimilistannlæknis ber honum að tilkynna um slíkt til SÍ sem miðlar upplýsingunum áfram til Embættis landlæknis og eftir atvikum til heilsugæslu.

5. gr. Gjaldskrá

SÍ greiða fyrir tannlækningar sem falla undir samning þennan í samræmi við gildandi reglugerðir á hverjum tíma og gjaldskrá, sbr. fylgiskjal I með samningi SÍ og Tannlæknafélags Íslands (TFÍ), dags. 11. apríl 2013, um tannlækningar barna, að frádregnu gjaldi sjúklings.

Fjárhæðir í ofangreindir gjaldskrá skulu breytast tvisvar sinnum á ári eða þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Skal helmingur taka breytingum miðað við launavísitölu og helmingur miða við breytingu á vísitölu neysluverðs. Fjárhæðir í gjaldskrá taka mið af verðlagi í mars 2013.

Sé tannlæknisverk ekki tiltekið í gjaldskrá SÍ eða reglur takmarka endurgreiðslu einhverra gjaldliða hennar greiðir sjúklingur tannlækni þann hluta meðferðar að fullu sjálfur, enda sé honum gerð grein fyrir eigin kostnaðarþætti áður en meðferð fer fram. Verðlagning tannlæknis skal vera frjáls fyrir þessar aðgerðir og skal gerður sérstakur reikningur vegna þeirra verka.

6. gr. Greiðsluþátttaka SÍ

Greiðsluþátttaka SÍ samkvæmt samningi þessum tekur til tannlæknaþjónustu barna sem verður innleidd í áföngum í samræmi við minnisblað starfshóps velferðarráðherra frá 3. október 2012, sem hér segir:

Við gildistöku samningsins tekur hann til barna 15 ára til og með 17 ára.

Þann 1. september 2013 bætast við 3 ára börn og 12 til 15 ára börn.

Þann 1. janúar 2014 bætast við 10 og 11 ára börn.

Þann 1. janúar 2015 bætast við 8 og 9 ára börn.

Þann 1. janúar 2016 bætast við 6 og 7 ára börn.

Þann 1. janúar 2017 bætast við 4 og 5 ára börn.

Þann 1. janúar 2018 tekur samningurinn til allra barna á aldrinum 0 til 18 ára.

Í samningnum er miðað við fæðingardag barna. Samningurinn nær ekki til einstaklinga eftir að þeir hafa náð 18 ára aldri.

Að auki tekur samningur þessi til barna í bráðavanda með erfiðar félagslegar aðstæður þó þau falli ekki undir aldursmörk skv. 1. mgr. Skilyrði er að SÍ hafi veitt samþykki að undangenginni tilvísun frá heilsugæslu, barnaverndar- eða félagsmálayfirvöldum.

7. gr. Greiðslur sjúkratryggðra

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiðir sjúkratryggður gjald eins og það verður ákveðið í reglugerð hverju sinni.

8. gr. Reikningar

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Á reikningi skal m.a. koma fram nafn og kennitala sjúkratryggðs, hvaða dag verk fór fram, hvaða tannlæknir vann verkið, aðgerðar- og/eða gjaldskrárlíður, heildarverð og greiðsla sjúkratryggðs. Fyrirtækjum sem eru í meirihluta eigu tannlækna er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af tannlæknum sem eru aðilar að samningi þessum. Aðkeypt tannsmíði, rannsóknavinna og implantíhlutir skulu aðgreind sérstaklega á reikningi og eru ekki innifalin í klínískum aðgerðarliðum.

Sjúkratryggður eða aðstandandi hans skal staðfesta reikning með undirskrift sinni við hverja heimsókn og fá afrit reiknings. Tannlæknar varðveita frumrit reikninga með staðfestingu sjúklings með öruggum og aðgengilegum hætti í samræmi við almennar bókhaldsreglur. Sama á við um reikninga vegna tannsmíði, íhluta og rannsóknavinnu.

Tannlæknar skulu senda nauðsynlegar reikningsupplýsingar til SÍ, án milligöngu hins sjúkratryggðs, rafrænt yfir netið. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir samningi um rafræn samskipti, dags. 11. apríl 2013. Fram til 1. janúar 2014 er tannlæknum þó heimilt að senda reikninga á pappírformi til SÍ.

9. gr.
Skráning upplýsinga

Um færslu og varðveislu sjúkraskráa tannlæknis gilda lög um sjúkraskrár nr. 55/2009, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1121/2012.

Tannlæknum ber að skrá í sjúkraskrá upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð. Um aðgang að sjúkraskráum færðum af tannlækni gilda ákvæði 46. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

10. gr.
Ábyrgð

Tannlæknum ber að hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi.

11. gr.
Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við tannlækna og heimsóknum á starfsstofur. Tannlæknum er skylt að veita tannlæknum SÍ eða eftir atvikum öðrum heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

12. gr.
Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að tannlæknir uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum gagnvart viðkomandi tannlækni og heimta bætur fyrir fjártjón af honum. Með sama hætti skal tannlækni heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

**13. gr.
Uppsögn og fleira**

Tannlækni, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, ber að tilkynna það skriflega til SÍ með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart tannlækni, sem hefur orðið uppvís að misbeitingu gjaldskrár eða uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningnum að öðru leyti, að undangenginni skriflegri aðvörun.

Sé um stórkostlegt misferli hjá tannlækni að ræða, geta SÍ fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart honum.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur tannlækni er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

**14. gr.
Dómsmál**

Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**15. gr.
Gildistími**

Samningur þessi er háður gildistíma samnings milli SÍ og Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) dags. 11. apríl 2013, um barnatannlækningar og gildir sá samningur frá og með 15. maí 2013 til og með 30. apríl 2019.

Verði ofangreindum samningi SÍ og TFÍ sagt upp gildir sú uppsögn einnig fyrir samning þennan.

Reykjavík, 13. maí 2013

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Guðlaug Björnsdóttir
Stjórnari

Bókun 1.

SÍ skulu fyrir 1. maí 2014 skilgreina nánar hlutverk heimilistannlæknis og gera tillögur að rafrænum lausnum til að tryggja skráningu, gagnasöfnun og samskipti milli einstaklinga, SÍ, heimilistannlækna, heilsugæslu og Embættis landlæknis.



Umsókn um aðild að rammamningi um almennar tannlækningar barna

1. Nafn tannlæknis		2. Kennitala	
3. Dagsetning á útgáfu löggildingar	4. Meðfylgjandi sérfræðileyfi? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei		5. Sjálfstæður rekstur hefst/hófst:
6. Nafn starfsstofu		7. Kennitala starfsstofu	
8. Aðsetur starfsstofu	9. Netfang	10. Afgreiðslutími	
11. Starfar tannlæknir annarsstaðar? Hvar?			
12. Starfshlutfall sem sjálfstætt starfandi:		13. Starfshlutfall sem launþegi:	
14. Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn: <input type="checkbox"/> Staðfesting á sjúklingatryggingu <input type="checkbox"/> Staðfesting á starfsábyrgðartryggingu (frjáls ábyrgðartrygging) <input type="checkbox"/> Löggilding <input type="checkbox"/> Staðfesting landlæknis fyrir að tannlæknir hefji sjálfstæðan rekstur			
15. Athugasemdir:			
16. Greiðslur Sjúkratrygginga Íslands skv. ofangreindum samningi skal greiða inn á eftirfarandi reikning: Banki höfuðb. Reikningsnr.			
17. Staður og dagsetning		18. Undirskrift tannlæknis	

Gjaldskrá		15. maí 2013
Gjaldskrár- númer	Heiti verks	Verð (kr.)
001	Viðtal	4.200
002	Bráðahjálp	4.200
003	Skoðun nýs sjúklings	6.276
004	Áfangaeftirlit	4.200
005	Tilvísun	2.076
011	Tannrótarmynd	2.407
012	Bitmynd	2.407
018	Röntgenstórmynd (OPG o.p.h.)	4.813
024	Ljósmynd	685
030	Yfirborðsdeyfing	991
031	Ísúnardeyfing	1.463
032	Svæðisdeyfing	2.454
035	Glaðloft og sefjun með lyfjagjöf	4.200
040	Aðlögunarmeðferð	4.200
041	Meðhöndlun á tannlæknishræðslu	12.600
052	Vefjasýni og aðrar rannsóknir	10.476
060	Vitjun / bráðaútkall	8.400
101	Bein fræðsla, leiðbeiningar	4.200
104	Tannsteinn, tannskýla og litur fjarlægður af tönnum, hvor gómur	4.200
110	Flúormeðferð barna, báðir gómar	6.630
115	Skorufylla, fullorðinsbakjaxla	5.497
116	Skorufylla annarra tanna en fullorðinsbakjaxla	4.483
118	Flúormeðferð áhættubarna, báðir gómar	6.630
201	Tannlit fylling, 1 flötur	12.718
212	Tannlit fylling, 2 fletir	16.162
213	Tannlit fylling, 3 fletir	17.602
214	Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir	18.947
231	Silfurblendisyfylling, 1 flötur	12.246
232	Silfurblendisyfylling, 2 fletir	16.162
233	Silfurblendisyfylling, 3 fletir	17.602
235	Silfurblendisyfylling, 4 eða fleiri fletir	18.947
245	Bráðabirgðafylling	4.483
250	Rýmishaldari	8.400
251	Spelkun tanna	16.776
257	Stifti	5.120
258	Stál- eða plastkróna	14.818
260	Gúmmíúkur	1.463
301	Kvikupekja	12.600
306	Kvika barnatannar fjarlægð og felld (formocresolmeðferð)	18.876
308	Rótarendaörvun með Ca(OH) ₂	14.676
311	Kvikunám, 1 gangur	8.400

312	Kvikunám, 2 gangar í sömu tönn	16.776
313	Kvikunám, 3 gangar í sömu tönn	23.076
314	Kvikunám, 4 eða fl. gangar í sömu tönn	29.400
315	Útvíkkun á einum rótargangi	10.476
316	Útvíkkun á tveimur rótargöngum í sömu tönn	12.600
317	Útvíkkun á 3 rótargöngum í sömu tönn	16.776
318	Útvíkkun á 4 eða fleiri rótargöngum í sömu tönn	23.076
320	Rótfylling, 1 gangur	14.676
321	Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn	16.776
322	Rótfylling, 3 gangar í sömu tönn	23.076
323	Rótfylling, 4 eða fleiri rótargangar í sömu tönn	29.400
325	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur	23.076
326	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 2 gangar í sömu tönn	29.376
327	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 3 gangar í sömu tönn	37.776
328	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 4 eða fl. gangar í sömu tönn	42.000
500	Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn	7.293
501	Úrdráttur tannar eða ratar með fulla beinfestu, 1. tönn	12.372
502	Viðbótartönn eða rót í sömu aðgerð, sbr. #501	4.717
542	Aðgerð á tungu- eða vararhafti	19.112
570	Vefur saumaður	5.261
580	Stungið á kýli	8.400
921	Gnístursplata, bithækkunarplata	28.951
926	Bitslípun	6.276

Sérfræðiálag

Sérfræðingum í barnatannlækningum er heimilt að leggja á sérfræðiálag sem nemur 20% á fjárhæðir í gjaldskránni.

Þegar barni er vísað til sérfræðings í eftirfarandi sérgreinum er þeim heimilt að leggja á sérfræðiálag sem nemur 20% á fjárhæðir í gjaldskrá fyrir tilgreinda gjaldliði:

Bitlækningar: # 001-060, 101, 921-926.

Lyflækningar munnhols: # 001-060, 101, 580.

Munn- og kjálkaskurðlækningar: # 001-060, 101, 245, 250, 251, 301, , 500-580.

Myndgreining munns og kjálka: #001-018.

Samfélagstannlækningar: # 001-060, 101-118.

Tann- og munngervalækningar: # 001-060, 101, 250, 251, 257, 258, 921, 926.

Tannfylling og tannsjúkdómalækningar: # 001-060, 101-118, 201-260, 301, 306.

Tannvegslækningar: # 001-060, 101, 104, 251, , 542-555, 557, 558, 570, 580.

Tannholslækningar: # 001-060, 101, 251, 301-328, 570, 580.

Tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma

Í þeim tilvikum þegar um tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma er að ræða á börnum sem falla undir samning þennan, sbr. 6. gr., og umsókn um greiðsluþátttöku hefur verið samþykkt af SÍ en verk kemur ekki fram í ofangreindri gjaldskrá, skal miða við gjaldskrárnúmer í gjaldskrá SÍ fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um nr. 703/2010, með síðari breytingum, en einingarverð eins og gildir í samningi þessum. Einingarverð skv. gjaldskrá miðast við gjaldlið 001 viðtal sem er nú kr. 1.780. Dæmi: verð verks í gjaldskrá nr. 703/2010 deilt með 1.780 og margfaldað með 4.200 (miðað við núgildandi fjárhæðir).

Um lýsingu á einstökum gjaldskrárnúmerum vísast í aðgerðaskrá TFÍ sem fylgir samningi milli SÍ og TFÍ um rafræn samskipti og aðgerðarskrá, dags. 11. apríl 2013.

Greiðsluþátttaka SÍ

Eftirfarandi gildir um greiðsluþátttöku SÍ:

Flokkur 1. Forvarnir og almenn þjónusta

Almennt um endurgreiðslu SÍ á gjaldskrárnúmerum í flokki 1: Fara skal eftir klínískum leiðbeiningum frá landlæknisembættinu og SIGN varðandi flokkun einstaklinga í áhættuhópa vegna tannátu.

001 - Viðtal

Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn og mest tvisvar á hverjum 12 mánuðum.

002 - Bráðahjálp

Greiðist mest þrisvar í hverri heimsókn.

003 - Skoðun nýs sjúklings

Greiðist mest einu sinni fyrir hvern nýjan sjúkling tannlæknis.

004 - Áfangaeftirlit

Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

005 - Tilvísun

Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn

011 - Tannrótarmynd

Greiðist mest þrisvar á hverjum 12 mánuðum. Eftirtaka og fjölföldun greiðist ekki.

012 - Bitmynd

Greiðist mest tvisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum. Eftirtaka og fjölföldun greiðist ekki .

018 - Röntgenstórmynd

Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

024 - Ljósmynd

Greiðist mest átta sinnum á hverjum 12 mánuðum.

030 - Yfirborðsdeyfing

Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

031 - Ísúnardeyfing

Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

032 - Svæðisdeyging

Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyging ekki innifalin í þeirri meðferð.

035 - Glaðloft

Greiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

040 - Aðlögunarmeðferð

Greiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

041 - Meðhöndlun á tannlæknahræðslu

Greiðist ekki með öðrum aðgerðaliðum í sömu heimsókn. Greiðist mest þrisvar fyrir hvern einstakling.

052 - Vefjasýni og aðrar rannsóknir

Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

060 – Vitjun/ bráðaútkall

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja vitjun.

101 - Bein fræðsla, leiðbeiningar

Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

104 – Tannsteinn, tannskýkla og litur fjarlægður af tönnum, hvor gómur

Greiðist mest tvisvar í hverri heimsókn og mest fjórum sinnum á hverjum 12 mánuðum. Greiðist hvorki með gjaldskrárnúmeri 118 né 110.

110 - Flúormeðferð barna, báðir gómar

Greiðist aðeins fyrir börn í áhættu vegna tannátu og mest einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 110 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í áhættu vegna tannátu samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlæknis. Greiðist hvorki með gjaldskrárnúmeri 118 né á næstu sex mánuðum eftir að það hefur verið greitt.

115 - Skorufylla fullorðinsbakjaxla

Greiðist aðeins fyrir börn í áhættu vegna tannátu. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 115 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í áhættu vegna tannátu samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlæknis. Greiðist ekki samfara fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling eða skorufylla hefur áður verið endurgreidd í sama flöt tannar.

116 - Skorufylla annarra tanna

Greiðist aðeins fyrir börn í áhættu vegna tannátu. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 116 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í áhættu vegna tannátu samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlæknis. Greiðist ekki samfara fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling eða skorufylla hefur áður verið endurgreidd í sama flöt tannar.

118 - Flúormeðferð áhættubarna

Greiðist aðeins fyrir börn í sérstakri áhættu vegna tannátu og mest einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 118 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í sérstakri áhættu vegna tannátu samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlæknis. Greiðist hvorki með gjaldskrárnúmeri 110 né á næstu sex mánuðum eftir að það hefur verið greitt.

Flokkur 2. Tannfyllingar

Almennt um endurgreiðslu SÍ á gjaldskrárnúmerum í flokki 2: Fylling, skv. gjaldskrárnúmerum 201 – 235, greiðist ekki án umsóknar ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að fylling eða skorufylla var endurgreidd í sama flöt tannar. Á reikning skal skrá fyllingu á númer þeirrar tannar, og fleti hennar, samkvæmt ISO staðli 3950, sem gert var við.

201-214 Tannlitar fyllingar Sjá almennar skýringar kaflans

231-235 Silfurblendisfyllingar Sjá almennar skýringar kaflans

245 - Bráðbirgðafylling

Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum fyrir rötfillingar (301-399).



250 - Rýmishaldari

Greiðist aðeins þegar um ótímabært tap barnatanna er að ræða og veruleg hætta er á alvarlegri riðlun á biti vegna þess. Greiðist ekki eftir 5 ára aldur sjúklings vegna fram- og augntanna og 8 ára aldur vegna barnajaxla nema að undangenginni samþykkt á umsókn. Verkið skal skrá á númer þeirrar tannar sem tapast hefur.

251 - Spelkun tanna

Greiðist mest þrisvar sinnum á hverju 24 mánaða tímabili fyrir sama sjöttung munns.

257 - Stifti

Greiðist aðeins með fyllingu og mest tvisvar með hverri fyllingu.

258 - Stál- eða plastkróna

Greiðist mest einu sinni á hverjum 36 mánuðum fyrir hverja tönn.

260 - Gúmmídúkur

Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir gjaldskrárnúmer 201-235 í sömu heimsókn.

Flokkur 3. Tannholsaðgerðir

Almennt um endurgreiðslu SÍ á verkum í flokki 3: Endurgreiðsla miðast við að í verði gjaldskrárnúmera í þessum kafla séu innifaldar röntgenmyndir, deyfing, gúmmídúkur og bráðabirgðafylling. Varðveita skal röntgenmyndir af tönn fyrir og eftir meðferð. Gjaldskrárnúmer skal skrá á númer þeirrar tannar sem unnið er við hverju sinni.

301 - Kvikupækja

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

306 - Formokresol meðferð

Greiðist aðeins fyrir barnatennur og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

308 - Rótarendaörvun með Ca(OH)_2

Greiðist mest þrisvar fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir önnur gjaldskrárnúmerkaflans fyrir sömu tönn.

311 - Kvikunám, 1 gangur

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

312 - Kvikunám, 2 gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

313 - Kvikunám, 3 gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

314 - Kvikunám, 4 eða fleiri gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

315 - Útvíkkun, 1 gangur

Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

316 - Útvíkkun, 2 gangar

Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

317 - Útvíkkun, 3 gangar

Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

318 - Útvíkkun, 4 eða fleiri gangar

Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

320 - Rótfylling, 1 gangur

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

321 - Rótfylling, 2 gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

322 - Rótfylling, 3 gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

323 - Rótfylling, 4 eða fleiri gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

325 - Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, 1 gangur

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

326 - Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, 2 gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

327 - Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, 3 gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

328 - Kvikunám, útvíkkun og rótfylling, 4 eða fleiri gangar

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

Flokkur 5. Munn- og kjálkaskurðlækningar

Almennt um endurgreiðslu SÍ á verkum í flokki 5: Endurgreiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans sé innifalið sóttvarnarábreiða, deyfing, saumur, spelkun, sáraumbúðir, saumataka og viðeigandi eftir meðferð. Meðferð skal skrá á númer þeirra tanna eða svæða sem við á hverju sinni.

500 - Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-510 fyrir sömu tönn.

501 - Úrdráttur tannar eða ratar með fulla beinfestu

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-510 fyrir sömu tönn.

502 - Viðbótartönn eða –rót í sama fjórðungi munns, sbr. 501

Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-510 fyrir sömu tönn.

542 - Aðgerð á tungu- eða vararhafti

Greiðist mest einu sinni fyrir hvert svæði. Skráist á svæði munns; 01 eða 02.

570 - Vefur saumaður

Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns í sömu heimsókn.

580 - Stungið á kýli

Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn.

Flokkur 9. Bitlækningar

Almennt um endurgreiðslu SÍ á verkum í flokki 9: Endurgreiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans sé innifalin öll klínísk vinna, aðlögun, eftirfylgni og annað, til fullra loka verksins. Aðkeyptur tannsmíðakostnaður greiðist í sama hlutfalli og vinna tannlæknis, samkvæmt frumriti reiknings, þar sem fram komi nafn sjúklings ásamt, sundurliðun á vinnu og efni. Meðferð, aðra en 926, skal skrá á númer þess góms sem unnið er við hverju sinni; 01 eða 02.

921 - Gnístursplata, bithækkunarplata

Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 921, 922 eða 923.

926 - Bitslípun

Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn og mest þrisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum.